

Ólafsvík, 9. september 2021.

Til kirkjuþings.

Efni: Aukakirkjuþing 2021 – 7. mál – umsögn.

Neyðarástand ríkir í Þjóðkirkjunni og nýtur hún minnkandi trausts og er það því miður orðið hverfandi. Söfnuðir búa enn sem komið er enn við meiri traust, en ástandið í kirkjustjórninni er því miður farið að hafa mikil áhrif þar einnig. Ekki er hægt að skilja 7. mál á annan hátt en að það sé viðbrögð við það vantraust sem ríkir á milli kirkjuþings og kirkjuráðs vegna starfa þeirra, ekki síst í fjármálum. Fyrir vikið var bætt tveimur eftirlitsmönnum til að sitja fundi ráðsins í sumar, þrátt fyrir að fjórir af fimm kirkjuráðsmönnum séu kirkjuþingsmenn. 7. málið á að taka á þessu með því að skipta um nafn á ráðinu og forseta þess sem yrði kallaður formaður, sem yrði nú forseti kirkjuþings í stað biskups Íslands. Eins er ráðið aðeins skipað til árs en ekki fjögurra ára til að koma í veg fyrir álíka ástand og hefur skapast í ár.

Aðgreining valds.

Það er ekki til að auka aðgreiningu valds eða skapa traust að láta framkvæmdavald í veigamiklum málum kirkjunnar eingöngu vera skipað fulltrúum löggjafarvaldsins innan stofnunarinnar. Miklu eðlilegra er að kirkjuþing kjósi fulltrúa í ráðið og **hafi frjálsar hendur að kjósa formann framkvæmdastjórnar sem ekki er forseti kirkjuþings**, enda minnkar það aðgreiningu valds og grefur undan trausti að sami aðili sé í senn yfir þinginu og framkvæmdavaldinu. Ekki er til dæmis forseti Alþingis forsætisráðherra. Slíkt mundi engum detta í hug að væri heppilegt, en það á að vera nógu gott fyrir kirkjuna? Ekki er öruggt að sömu hæfileikar þurfi fyrir góðan forseta kirkjuþings og formanns framkvæmdastjórnar.

Eins er eðlilegt að kirkjuþing sé **heimilt að kjósa í nefndina fulltrúa sem eru utan þingsins**. Slíkt getur aukið traust og aðgreint betur framkvæmdavald og löggjafarvald, sem hlýtur að vera kostur sem ekki ber að útiloka.

Skipunartími ráðs.

Eins og síðasta ár ber merki um að þá er eitt ár lengi að líða. Siðferðilegur brestur fulltrúa, skaðleg stefna og slæm stjórnun getur þurft að bregðast strax við. Er þá nauðsynlegt **að hægt sé að samþykkja**

vantraust á fulltrúann í framkvæmdastjórn eða framkvæmdastjórnina alla. Ekki er ríkisstjórn að störfum og ráðherrar nema hún og þeir hafi trausts Alþingis. Hvers vegna á þessu að vera öðruvísi farið hjá kirkjunni? Slíkt fyrirkomulag tryggir að ávallt er hægt að grípa inn í aðstæður strax þegar þarf.

Samráðsleysi.

Afar óheppilegt er að kirkjuþing starfi á þann hátt að traust til þess minnki. Óeðlilegt er að kirkjuþingsmönnum sé ekki heimilt af forsætisnefnd að setja mál sín á samráðsgátt þingsins, eins og gerðist í fyrra. Ekki er heppilegt að svo stórt mál sem 7. mál þingsins skuli vera sett á samráðsgátt og aðeins gefnar 2 vikur til að gefa umsögn. Þar að auki er málið ekki tilbúið eins og segir í tillögunni: „*Frekari útfærsla og innleiðing á þessu skipulagi skal fara fram undir forystu biskup Íslands og forseta kirkjuþings. Stefnt er að því að gera grein fyrir útfærslu á kirkjuþingi í október næstkomandi og að því loknu geti skipulag tekið gildi.*“ Málið er því ekki tilbúið, það kom inn á þingið bakdyramegin og var sent til umsagnar og á eftir að útfæra betur. Þær útfærslur er grasrót kirkjunnar ekki gefið færi á að tjá sig um. **Þetta eru ekki vinnubrögð sem vekja traust heldur veikir og kirkjuþing á ekki við því.**

Með kveðju og ósk um að ákvarðanir þingsins verði söfnuðum og grasrót kirkjunnar til blessunar og Guði til dýrðar.

Óskar Ingi Ingason,

sóknarprestur Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls.